



Gjaldskrá Fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar

Dalabyggð

1. grein

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,32% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 50.000,-.

2. grein

Aukavatnsgjald skv. 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, skal vera 14 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. grein

Leigugjald vatnsmæla samanber 11 gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Sverleiki í mm	kr.
< 50	4.000
50-100	10.000
> 100	20.000

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. grein

Heimæðargjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

Þverm. inntaks	32mm	40mm	50mm	63mm	75mm	90mm
Fastagjald kr.	50.000	65.000	80.000	95.000	110.000	125.000
Gjald á metra í kr.	1.000	1.200	1.400	1.600	1.800	2.000

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar. Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 2.500 kr/m vegna skurðgrafter og ídráttarrörs. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2013 og var 115,8 stig.

5. grein

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftirgjaldsdaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. grein

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur út gildi fyrri gjaldskrá nr. 54/2011.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2013

Búðardal, 19. desember 2013

Sveinn Pálsson sveitarstjóri